

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni:

Í íbúðarhverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferða-bifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 19. október 1984.

Bogi Nilsson.

Nr. 423

31. október 1984

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 157 900,00

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 11 300,00

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1984 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 424

2. nóvember 1984

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda sem verið hefir á framhaldi Suðurhlíðar (gamla Hafnarfjarðarveginum) við gatnamót Kringlumýrarbrautar í Fossvogi verður afnumin. Í staðinn kemur biðskylda.

2. Stöðvunarskylda verður á Bústaðavegi við Háaleitisbraut, þó þannig að á sérstakri akrein fyrir hægri beygju af Bústaðavegi inn á Háaleitisbraut verður áfram biðskylda.
 3. Háaleiti verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Háaleitisbraut og Kringlumýrarbraut.
 4. Bannað verður að stöðva eða leggja ökutækjum á ónefndri götu milli Vatnsmýrarvegur og Skógarhlíðar austan Miklatorgs beggja vegna götunnar.
- Auglýsing þessi tekur gildi 15. nóvember n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

24. október 1984

Nr. 425

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 24. október 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Ölmú Hansen og annarra áhugamanna um stofnun tónlistarskóla.

2. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Vesturbæjar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu en leggja sérstaklega áherslu á kennslu barna og unglinga á grunnskólaaldri. Nám og próftilhögun er skilgreind í námskrá skólans.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa skv. 1. gr. laga nr. 22/1975.

6. gr.

Skólinn starfar frá 15. sept. til 15. maí ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í grunnskólum landsins.

7. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs við upptöku í skólann. Skólinn áskilur sér rétt til að synja nemanda um skólavist ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.